



Afgr. bæjarráðs Árborgar vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2016-2017  
Almennt: Tölvupóstur  
Málsnúmer: ANR16090064  
Málalyklar: 11.3.1 Sérstakar úthlutanir aflaheimilda  
Eigandi skjals: Sigurbjörg Óladóttir  
Staða: Í vinnslu  
**Dagsetningar:**  
Búið til: 10.11.2016  
Dagsetning skjals: 10.11.2016

---

Upplýsingar um viðskiptavin:  
Rósa Sif Jónsdóttir  
Netfang: Rósa Sif Jónsdóttir <rosa@arborg.is>

Frá: Rósa Sif Jónsdóttir <rosa@arborg.is>  
Dags: 10.11.2016 13:38:46  
Til: "postur@anr.is" <postur@anr.is>  
Efni: Afgr. bæjarráðs Árborgar vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2016-2017

---

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag var lögð fram tilkynning Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016-2017.

Eftirfarandi var bókað:

*Bæjarráð samþykkir eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta fyrir Sveitarfélagið Árborg.*

*Ákvæði reglugerðar nr. 641/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka og Stokkseyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:*

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: *Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.*

b) 2. mgr. 4. gr. fellur brott.

c) Ákvæði 1. og 2. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður:

*Fiskiskipum er skyldu að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.*

Rökstuðningur:

*Í byggðarlögunum Eyrarbakka og Stokkseyri háttar þannig til að ekki er hafnaraðstaða til löndunar afla. Nauðsynlegt er því að veitt verði undanþága frá þeirri skyldu að afla sem fellur til á grundvelli byggðakvóta sé landað í viðkomandi byggðarlagi. Verði slík undanþága veitt verður fiskiskipum, sem fá byggðakvóta úthlutað, unnt að landa afla í öðrum höfnum. Megináhersla laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og reglugerðar nr. 641/2016 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa er að styrkja atvinnusköpun innan byggðarlaga sem uppfylla tiltekin skilyrði með úthlutun byggðakvóta.*

*Í sveitarfélagini eru reknar fiskvinnslur, tvær á Stokkseyri og ein á Eyrarbakka. Fiskvinnslurnar eru allar litlar og sérhæfðar og því nauðsynlegt að heimilað verði að vinna aflann innan sveitarfélagsins til að koma í veg fyrir að byggðakvótinn falli*

*niður.*

Framangreint tilkynnist hér með.

**Með kveðju,  
Rósa Sif Jónsdóttir  
ritari  
rosa@arborg.is  
sími 480 1900 fax 480 1901**

*Pessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skyld að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjaraskipti.*